Tímarit VM

VÉLFRÆÐINGURINN • 3. tölublað • 5. árgangur • október 2011 • VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna

HRÁKASMÍÐI HÖRPU. ÚTTEKT OG MYNDIR

Sérkjör fyrir félagsmenn VM!
Sjá nánar á www.vm.is

Ávinningur í röðum

Orkulykillinn færir þér svo miklu meira en bara afslátt af ódýrasta* eldsneytinu.

Hafðu orkulykilinn á kippunni og tryggðu þér líka:

- 2 kr. afslátt hjá Orkunni
- 4 kr. afslátt hjá Shell
- 5 kr. afslátt á Ofurdögum
- 10 kr. afslátt í fyrstu 2 skiptin
- 10 kr. afslátt á afmælisdaginn
- Afslátt af bílavörum
- Afslátt af smurþjónustu
- Afslátt af bílaþvotti
- Greiðslumöguleika á Stöðinni
- Orkuvernd (verðstefna Orkunnar)
- Reglulega endurgreiðsluleiki
- Sérmerkingar lykla

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

*Samkvæmt www.bensinverd.is

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Ókeypis heyrnarmæling

Nýjustu heyrnartækin

INTERTON
ESSENTIAL HEARING

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Tímarit VM
Útgefandi: VM
Ábyrgðarmaður:
Guðmundur Ragnarsson
Ritstjóri: Sigurjón M. Egilsson
Prentun: Oddi

VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Stórhöfða 25
110 Reykjavík
Sími: 575 9800
Fax: 575 9809
Heimasíða: www.vm.is
Netfang: vm@vm.is
Skiptiborðið er opið:
mánudaga til fimmtudags frá kl. 9-16
og föstudaga frá kl. 9-15
Skrifstofan er opin mánudaga - fimmtudag frá kl. 8-16
og föstudaga frá kl. 8-15

Stjórn VM skipa:
Guðmundur Ragnarsson, *formaður*
Samúel Ingvason, *varaformaður*

Heimir V. Pálmason
Guðmundur Helgi Þórarinsson
Andrés Bjarnason
Jón Jóhannsson
Guðmundur Sigurvinsson
Sævar Örn Kristjánsson
Friðrik Björgvinsson



32

Svört atvinna
Þann 14. júní sl. hófu ASÍ, SA, og Ríkisskattstjóri sameiginlegt átak undir yfirskriftinni „Leggur þú þitt af mörkum". Markmið átaksins er að hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að skattskilum og samningum sín á milli.

26

Verðmyndun á fiski
Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM, skrifar um þann mikla mun sem er á fiskverði á milli landa og leitar skýringa á í hverju þessi mikli munur liggur.



14

Hrákasmíði í Hörpu
Tímarit VM ræðir við Örnólf Hall, arkitekt, en hann hefur tekið ljósmyndir af ryð- og rakamyndunum í glerhjúpi Hörpunnar. Að hans mati hefðu íslenskir iðnaðarmenn aldrei skilað slíku verki af sér.

8

Skipt um vél í Gandí VE
Það tók starfsmenn Framtaks aðeins um þrjá mánuði að skipta um vél í Gandí VE. Áætlað er að um 40 manns hafi komið að verkinu meira og minna allan þann tíma.

Skipavörur ehf
LANDSNET
FROST Kælismiðjan Frost ehf.
Alþýðusamband Íslands
ÖGURVÍK
HB GRANDI
samskip
VÉLVÍK www.velvik.is

Er málmsuðan í lagi?

Láttu fagaðila um eftirlitið!
30 ára reynsla

VPS býður upp á alhliða málmsuðu eftirlit með hljóðbylgjuprófunum, röntgenmyndun og sprunguleit

VPS býður uppá hæfnisvottun í málmsuðu

VPS
www.vps.is
S. 567-1278
Funafold 48
112 Reykjavík

FRAMTAK BLOSSI ehf
Vesturhrauni 1 - 210 Garðabæ
Sími 535 5850 - www.framtak.is

UNIservice skipavörur og varahlutaþjónusta



UNIservice EFNAVÖRUR

Pistill formanns

Það styttist í nóvember 2011, þá fer að verða komið ár frá því að fyrstu kjarasamningar félagsmanna VM runnu út í lok nóvember 2010. Núna í september 2011 er VM enn ekki búið að ljúka við endurnýjun kjarasamninga allra sinna félagsmanna. Þetta er fyrirkomulag sem verður að breyta, það verður að fara að koma þeim vinnubrögðum á að ef ekki hafi tekist að semja daginn sem kjarasamningurinn rennur út, þá sjálfkrafa skelli á vinnustöðvun. Það er enginn önnur leið til að koma á öguðum vinnubrögðum við að endurnýja kjarasamninga og það er alltaf sami aðilinn við borðið sem borgar biðreikninginn. Vélstjórar á farskipum felldu sinn kjarasamning og síðan var gengið frá samningi við þá með samningi milli skipafélaganna og vélstjóranna um launahækkunarprósentuna. Eftir á að ganga frá samningi og uppfæra launatöflur. Kjarasamningur við ÍSAL var felldur með afgerandi niðurstöðu og þar er framundan erfið lending við að bæta inn í þann kjarasamning ásættanlegri lausn.

Kjarasamningarnir hjá launafólki í landi hafa haft alla athygli na og það hefur lítið gengið í kjarasamningi sjómanna á fiskiskipum, en sá kjarasamningur rann út 1. janúar s.l. Störf sáttanefndarinnar um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og lagafrumvörp ríkisstjórnarinnar um breytingar á þeim lögum, hafa sett viðræður okkar við LÍÚ í erfiða stöðu. Hvort sem menn eru sammála eða ósammála breytingunum, þá eru þær að setja mikla óvissu inn í greinina meðan endurskoðunin hefur ekki verið kláruð, hver sem niðurstaðan verður. Að vísu var gerður samningur að frumkvæði VM um að launaliðir kjarasamnings sjómanna tækju þeim hækkunum sem fengust í almennum kjarasamningum frá 1. júní s.l. Þetta var gert til að þær launahækkanir kæmu strax, meðan ekki væri fyrirsjáanlegt að hægt yrði að ljúka endurnýjun kjarasamninga fyrir vélstjóra á fiskiskipum. Nú verður settur kraftur í þessar viðræður eins og hægt er og einnig viðræðurnar við fjármálaráðuneytið vegna sjómannaafsláttarins. Í þessum viðræðum, eins og í öðrum kjaraviðræðum, höfum við aðeins eitt vopn til að fá okkar viðsemjendur að borðinu og í raunhæfar viðræður. Það er skoðun mín, og vélstjórar á fiskiskipum verða að átta sig á því, að í því ástandi, sem er fyrirsjáanlegt næstu misserin, þá munum við ekki fá þessa aðila til að ræða við okkur af einhverri alvöru nema með yfirvofandi hótun um að stöðva fiskiskipaflotann. Það er staðan í dag hvort sem mönnum líkar það eða ekki. Út frá þessari stöðu verður samninganefnd VM, fyrir vélstjóra á fiskiskipum, að taka afstöðu til á næstu mánuðum í hvaða farveg við munum fara með viðræðurnar og eða í aðgerðir til að fá viðsemjendur okkar að borðinu.

Umræðan um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða mun verða átakamál á komandi þingi og í samfélaginu öllu. VM hefur sent umsögn um bæði frumvörpin og mun blanda sér í umræðuna af krafti við að gæta hagsmuna vélstjóra á fiskiskipum. Ekki síður mun VM berjast á móti öllum hugmyndum um að færa atvinnugreinina frá hagkvæmni í atvinnubótavinnu, sem ekki verður fjármögnuð öðruvísi en með skertum lífskjörum allra landsmanna til framtíðar. VM hefur ítrekað það í málflutningi sínum að eina leiðin til að taka á þeim mörgu vandamálum, sem verið er að reyna að leysa með frumvarpinu, sé að viðurkenna þær miklu breytingar sem orðið hafa í atvinnuháttum í sjávarútvegi. Ef það verði gert þá verður líka hægt að leysa vandamálin með raunhæfum lausnum til framtíðar. Hver sem endanleg niðurstaða verður í breytingum á lögunum um stjórn fiskveiða, þá er það mín skoðun, varðandi efnahagslegu hliðina á málinu, að fiskurinn í sjónum eigi að synda þar skuldlaus í framtíðinni fyrir komandi kynslóðir. Það á enginn að geta haft fjárhagslegan hagnað af tekjunum sem koma vegna afnotaréttarins nema íslenska þjóðin. Þegar búið verður að vinda ofan af sukkinu í greininni sem við sitjum uppi með vegna gengdarlausrar ólöglegrar skuldsetninga við kaup á aflaheimildum.

Þá fyrst verðum við komin með hreint borð til að skila þjóðinni hámarks arð af auðlindinni.

Það fær mig engin til að skilja það að íslenskur sjávarútvegur geti ekki rekið sig eins og annar atvinnurekstur, fá eðlileg lán fyrir fjárfestingum í fiskiskipum, vinnsluhúsum og tækjum.

Það er eins og ákveðnir aðilar vilji koma fjármálastofnunum að í að lána fyrir óveiddum veiðiheimildum sem ganga kaupum og sölum, koma þeim í þá stöðu að sjúga megnið af afrakstrinum til sín með óþarfa fjármagnskostnaði, sem með réttu á að skila sér til þjóðarinnar. Ég skil ekki þessa hagfræði, enda tel ég að þeir sem hana styðji þurfi að fara í endurhæfingu, eru fastir í því að peningar búi til peninga eins og spekin var fyrir hrun. Að mínu viti munu átökin um breytingar á lögunum síðan færast frá LÍÚ yfir á varnarbaráttu þeirra byggðarlaga sem nú hafa veiðiheimildirnar og þau muni berjast grimmt fyrir því að halda þeim, sem ég skil mjög vel.

Verði friður á vinnumarkaðnum næsta árið verður farið á fullt í að efla rekstur VM og tengingu félagsins við hinn almenna félagsmann. Þetta er verkefni sem hefur þurft að sitja á hakanum, en þarf að setja í forgang. VM er með um 23 kjarasamninga, auk nokkurra fyrirtækja og persónubundnum samningum og það tekur mikinn tíma að sinna þeim öllum. Unnið er í því að ráða nýjan starfsmann í kjara- og menntasviðið til að auka þjónustuna við félagsmenn. Það eru mörg málefni sem við þurfum að fá tíma til að sinna á komandi misserum. Framtíðarsýn í kjaramálum, endurvinna frá grunni marga af kjarasamningum okkar félagsmanna og koma þar inn með nýja hugsun, Lífeyrismálin og framtíð kerfisins verður að vera í stöðugri umræðu, af því að þeir sem það bjuggu til umbera enga umræðu um ýmsa sýnilega galla sem geta ógnað því til framtíðar. Eftir á að marka stefnu félagsins til ýmissa málefna sem félagið hefur ekki markað sér stefnu í, t.d. afstöðu til stjórnar fiskveiða en sú umræða er langt frá því að verða búin með þeim lagafrumvörpum sem eru nú í gangi um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Þau munu ekki skila sáttinni sem allir eru að leita eftir fyrir þjóðina um stjórn fiskveiða til framtíðar.

Kv. Guðmundur Ragnarsson, formaður VM.

Verðlaunin veitt í nítjánda sinn:

Hilmar Kristjánsson Lyngmo handhafi Neistans 2011

Ísfirðingurinn Hilmar Kristjánsson Lyngmo var á sjómannadaginn kynntur sem handhafi Neistans 2011, viðurkenningu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og VM sem veitt er fyrir fyrirmyndar yfirvélstjórastörf.

Hilmar er fæddur á Ísafirði árið 1963. Árið 1985 hóf hann störf sem vélstjóri á Guðbjarti ÍS 16 og varð hann yfirvélstjóri á því skipi sjö árum síðar. Á árunum 1995 til 1997 starfaði Hilmar sem yfirvélstjóri á Orra ÍS 20. Í september 1997 hóf hann störf á Páli Pálssyni IS-102. Framan af leysti hann af sem yfirvélstjóri á því skipi en frá júlí 2007 hefur hann starfað sem slíkur.

Tilgangur viðurkenningarinnar er að vekja athygli á hversu þýðingarmikið og krefjandi starf yfirvélstjórans er og um leið að veita þeim sem skara fram úr viðurkenningu fyrir fyrirmyndarstörf. Verðlaunin voru veitt í nítjánda sinn.

Leitað var umsagnar skoðunarstofa og flokkunarfélaga, en á milli 80 og 90 prósent af öllum skoðunarskyldum búnaði um borð fellur undir ábyrgðarsvið yfirvélstjórans. Yfirvélstjórinn er einnig sá eini í áhöfninni sem getur fengið heimild flokkunarfélaga til þess að ljúka fullnaðarskoðun á tilgreindum skipsbúnaði án þess að kvaddur sé til fulltrúi frá flokkunarfélagi. Við val á viðtakanda skal m.a. leggja til grundvallar ástand skoðunarskylds vélbúnaðar um borð, ástand öryggis-og viðvörunarbúnaðar, rekstur á vélbúnaði skipsins og umgengni í vélarrúmum.

Golfmót VM 2011

Golfmót VM var haldið 3. júní síðastliðinn í afleitu veðri á Keilisvelli í Hafnarfirði. Veðrið var svo slæmt að þátttakendur í móti VM voru einu kylfingarnir sem sáust á vellinum.

Eftirfarandi úrslit urðu í lok móts:

Með forgjöf - punktakeppni.	Högg	Punktar
1. sæti: Einar P. Guðmundsson	87	33
2. sæti: Hinrik Bóasson	89	29
3. sæti: Hjálmar Baldursson	114	25

Án forgjafar - höggleikur.	
1. sæti: Egill Sigurbjörnsson	100
2. sæti: Ragnar Halldórsson	105
3. sæti: Emil Jóhannsson	105

Golfmeistari VM árið 2011 er Einar P. Guðmundsson og hlaut hann hinn veglega farandbikar VM til varðveislu fram að næsta golfmóti VM 2012. Nánari upplýsingar um mótið má sjá á heimasíðu Golfklúbbsins Keilis. Golfnefnd VM sá um undirbúning og framkvæmd mótsins.

Framtak skipti um vél í Gandí VE:

Nauðsynlegt að vinna hlutina í réttri röð

Skuttogarinn Gandí VE 171, sem er í eigu Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, var að grálúðuveiðum um miðjan febrúar er bilun kom upp í aðalvél. Togarinn var dreginn til Hafnarfjarðar og við skoðun kom í ljós að bilunin var alvarleg, reyndar svo alvarleg að best þótti að skipta um vél. Samið var við véla- og skipaþjónustuna Framtak í Hafnarfirði um verkið, en fyrirtækið hefur í liðlega tvo áratugi þjónustað skipaflota landsmanna. Árni Pálsson verkefnisstjóri hjá Framtaki segir að líklega hefði verið hægt að gera upp gömlu vélina en bendir á að hún hafi verið orðin gömul og auk þess of lítil fyrir skipið.

„Útgerðin gat valið á milli tveggja véla frá MAK og MAN og eftir nokkra yfirlegu var ákveðið að taka 4000 hestafla MAN vél. Hún var talin hagkvæmari vegna snúningshraðans. Framtak er með umboð fyrir MAK en Afltækni sér um MAN vélarnar. Hefði MAK vélin verið valin hefði þurft að skipta út tannhjólum í gírnum, nokkra mánuði hefði tekið að útvega þau þar sem ekki er um lagervöru að ræða. Við Framtaksmenn tókum svo að okkur að koma vélinni fyrir og áttum gott samstarf við danskan sérfræðing Afltækni sem kom hingað upp í tengslum við verkefnið. MAN og MAK eru fyrirtæki sem berjast um vélasölu í heiminum og þessi danski sérfræðingur varð nú svolítið sposkur á svipinn þegar hann sá að allir þeir sem unnu að niðursetningu MAN vélarinnar voru í vinnugöllum merktum MAK. Svoleiðis lagað gerist varla nema á litla Íslandi.“

Um þrjá mánuði tók að skipta um vél í Gandí og áætlar Árni að um 40 manns hafi unnið að þessu verkefni meira og minna allan tímann.

„Það má sjálfsagt líta á þetta sömu augum og knattspyrnuleik, breiddin í mannskapnum er mikilvægust. Við erum að tala um vélvirkja, rafsuðumenn, málara og rafvirkja svo einhverjar stéttir séu nefndar. Allir vinna á sömu 40 fermetrunum. Síðan eru það mennirnir á verkstæðinu og smiðjunni sem stundum gleymast þegar verkið er tekið út og metið. Við byrjuðum 14. mars, en þá lá endanleg útfærsla ekki fyrir. Skipið fór síðan í prufutúr 16. júní og sigldi heim til Vestmannaeyja þremur sólarhringum síðar.“

Framhald á næstu opnu



Svona verk er mjög flókið og nauðsynlegt er að hlutirnir vinnist í réttri röð. Stundum var unnið á vöktum og útvegun efnis gat á stundum verið strembin. En allt hafðist þetta með hjálp góðra manna og fyrirtækja í greininni. Í svona pakka gildir einfaldlega að mæta og finna lausnina. Bjartsýnin er nauðsynleg, láta sem sagt vandamálin ekki þvælast of mikið fyrir.

Ef menn fara með svona pakka í slippa erlendis þá held ég að kröfur um teikningar og skipulag verkkaupa sé mun meira. Þetta getum við enn gert með íslensku aðferðinni. Vissulega er gengið okkur hagstætt í dag þegar að svona verkefnum kemur. Ég held að starfsmenn Framtaks hafi skilað af sér góðu verki og geti verið stoltir af því. Við viljum líka þakka þeim Vinnslustöðvarmönnum fyrir samstarfið, sem var mjög svo ánægjulegt.

Flókið verk

„Svona verk er mjög flókið og nauðsynlegt er að hlutirnir vinnist í réttri röð. Stundum var unnið á vöktum og útvegun efnis gat á stundum verið strembin. En allt hafðist þetta með hjálp góðra manna og fyrirtækja í greininni. Í svona pakka gildir einfaldlega að mæta og finna lausnina. Bjartsýnin er nauðsynleg, láta sem sagt vandamálin ekki þvælast of mikið fyrir. Helsta vandamálið hér á landi við svona stór verk að þau hafa enga samfellu. Við vorum heppnir að því leiti að við vorum að keyra niður stórt verkefni við Hellisheiðarvirkjun og gátum því sett í þetta mannskap. Eins notfærðum við okkur móðurfyrirtækið og fengum starfsmenn frá Stálsmiðjunni inn í verkið.

Að sama skapi nutum við aðstoðar frá Vélaverkstæði Jóhanns Ólafs. Við unnum þetta verk án þess að slá neitt annað af, tókum upp fjórar aðalvélar á sama tíma og syntum viðhaldsverkum um allt land.“

Árni dregur í efa að ódýrara hefði verið að vinna verkið erlendis.

„Ef menn fara með svona pakka í slippa erlendis þá held ég að kröfur um teikningar og skipulag verkkaupa sé mun meira. Þetta getum við enn gert með íslensku aðferðinni. Vissulega er gengið okkur hagstætt í dag þegar að svona verkefnum kemur. Ég held að starfsmenn Framtaks hafi skilað af sér góðu verki og geti verið stoltir af því. Við viljum líka þakka þeim Vinnslustöðvarmönnum fyrir samstarfið, sem var mjög svo ánægjulegt.“

Þetta þurfti að gera

1. Skorið gat á togdekkið ofan í vinnsludekkið. Lagnir í lofti vinnsludekks fjarlægðar. Vélar á vinnsludekki teknar í land. Skorið gat á vinnsludekk ofan í vélarúm.

2. Aðalvélin losuð upp og allar lagnir aftengdar. Vélin hífð í land.

3. Ásrafallinn tekin í land og nýjum komið fyrir. Nýjar undirstöður smíðaðar undir hann.

4. Gírinn tekin í sundur. Efri öxulinn og PTO öxulinn tekinn í land. Skiptidrifið fyrir PTO öxulinn fjarlægt og gerðar breytingar á gírnum sem miðuðu að því að stytta gírinn til að skapa meira pláss fyrir nýju vélina.

5. Lækka þurfti tanktopp botntankanna þar sem nýja vélin var með síðari olíupönnu. Nýja vélin var líka talsvert lengri sem þýddi að ekkert pláss var framan við hana fyrir lagnir. Var því tekið ofan af tönkunum og tankaplaninu breytt til að útbúa rými fyrir lagnir undir vélinni.

6. Undirstöðum vélarinnar var breytt. Gömlu undirstöðurnar skornar burt og nýjar smíðaðar.

7. Allir kælar og allar dælur sem fylgdu gömlu vélinni fjarlægðar og nýjum komið fyrir.

8. Öllu skilvindukerfinu var skipt út.

9. Ræsiloftskútum var skipt út fyrir mun stærri kúta sem komið var fyrir á nýjum stað á nýjum undirstöðum.

10. Afgasrörið þurfti að svera upp og koma fyrir nýjum hljóðkút. Var það gert með því að opna toggálgann á skipinu.

11. Nýja vélin sett niður og látin setjast á undirstöðurnar rétt rúmum mánuði eftir að verkið hófst.

12. Þá hófst vinna við að loka vinnsludekki og togdekki.

13. Nýjar lagnir fyrir kælivatn, smurolíu, brennsluolíu og þrýstiloft.

14. Vélarúm skipsins bar þess merki að búið var að bæta við búnaði, eins og svo algengt er í eldri skipum. Var tækifærið nú notað til þess að hægræða í vélarúminu . Smíðuð voru rör fyrir RSV kerfið, lensikerfið, olíukerfið, gírkælinn og fleira.

15. Slökkvikerfinu var breytt. Allar lagnir voru sverðar upp og flöskum komið fyrir á haganlegan hátt.

16. Skipt var um ljósavél og lögnum sem tengjast henni.

17. Smíðað var nýtt gólf í kringum vélina, pöllum breytt og smíðaðir nýir stigar.

Guðjón Vilinbergsson heiðraður á sjómannadaginn
Vélstjórinn Guðjón Vilinbergsson var á sjómannadaginn heiðraður fyrir störf sín til sjós á skipum Eimskipafélagsins.

Nýr valkostur við hreinsanir á loftræstikerfum skipa

- Eyjablikk er alhliða blikk og stálsmiðja sem þjónustar sjávarútvegsfyrirtæki, verktaka og einstaklinga með óskir sínar. Fjölbreytni verkefna hefur verið með ólíkyndum á þeim 14 árum sem fyrirtækið hefur starfað og má þar nefna, loftræstikerfi, einangrun og klæðningar á hita og frystilögnum, flasningar, rústfrí smíði, álsmíði, lagning koparþaka, smíði á handriðum ásamt smíði á allra handa færiböndum og körum fyrir sjávarútveginn.
- Á síðustu árum höfum við fjárfest í búnaði til að hreinsa loftræstingar um borð í skipum ásamt búnaði til hreinsunar loftræstikerfa í fyrirtækjum og stofnunum.
- Helstu verkefni okkar í hreinsunum hafa verið fyrir Vinnslustöðina og Ísfélagið í Vestmannaeyjum ásamt því að hreinsa loftræstingar um borð í verksmiðjuskipum Kötlu Seafood á Kanaríeyjum.

EYJABLIKK ehf.
Blikk og stál er okkar mál

EYJABLIKK EHF I FLÖTUM 27 I SÍMI: 481-2252 I GSM: 898-0787 I EYJABLIKK@EYJABLIKK.IS

The Wake
the only emission we want to leave behind



Low-speed Engines Medium-speed Engines Turbochargers Propellers **Propulsion Packages** PrimeServ

The design of eco-friendly marine power and propulsion solutions is crucial for MAN Diesel & Turbo. Power competencies are offered with the world's largest engine programme – having outputs spanning from 450 to 87,220 kW per engine. Get up front!
Find out more at www.mandieselturbo.com

Engineering the Future – since 1758.
MAN Diesel & Turbo

MAN

HRÁKASMÍÐI Í HÖRPU

Nú þegar er farið að bera á **ryði og rakamyndun**.

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa er að margra mati tignarleg og fögur sjón. Byggingin er sérstaklega glæsileg á dimmum haustkvöldum, þegar marglita ljósdíóður glerhjúpsins fanga augað. Örnólfur Hall og Guðmundur Kr. Guðmundsson, báðir eftirlauna arkitektar, eru ekki svo hrifnir af byggingunni og telja hana án fallegra forma og tenginga við umhverfið. Þeir benda á að þegar sól rís að morgni, og byggingin stendur frammi fyrir óvægri dagsbirtunni, komi í ljós ýmsir vankantar sem auðveldlega hefði mátt fyrirbyggja með faglegum vinnubrögðum. Hafa þeir meðal annars bent á ryðtauma í norðurhlið hússins, lélega suðuvinnu og misfellur í stáli. Að auki eru sílíkonþéttingar í hjúpnum að þeirra mati strax farnar að láta undan. Þetta er auðvitað óásættanlegt þegar áætlaðar kostnaðartölur að baki framkvæmdinni eru skoðaðar, en samkvæmt bjartsýnustu spám er kostnaður glerhjúpsins vel yfir þrjá milljarða íslenskra króna.

Örnólfur hefur um langan tíma fylgst náið með framkvæmdum og tekið myndir af því sem fyrir augu hefur borið og miður hefur farið. „Ég og Guðmundur Kr. Guðmundsson arkitekt höfum mikla reynslu af stórum opinberum framkvæmdum og höfum slæma reynslu af ryði í stáli í því sambandi. Í byrjun mars 2010 var Guðmundi boðið að skoða bygginguna. Þá sá hann hvernig stálstrendingarnir voru farnir að ryðga og var hann fljótur að spyrja hvort menn ætluðu virkilega að setja þetta ryðgaða drasl upp. Því var svarað játandi og að þetta væri ekkert alvarlegt. Ég fylgdist svo náið með norðurhliðinni, en verkamennirnir austurlensku voru allan aprílmánuðinn að atast í ryði í gluggarömmunum þar. Ég hélt svo áfram að taka myndir af framkvæmdunum. Meðal annars náði ég myndum af því þegar þeir settu fyrri suðurvegginn upp, þann sem Guðmundur hafði séð útataðan í ryði, sem síðan reyndist vera ónýtur. Hann var þá rifinn niður og nýr suðurveggur settur upp, en sá veggur er í dag einnig ryðgaður á mörgum stöðum," segir Örnólfur.

Örnólfur hefur einnig ljósmyndað ryð í styrktarsúlum í suðurhlið hússins og í þakbitum hjúpsins. Í vor myndaði hann ryð í nýja stálveggnum í suðurhlið byggingarinnar, en skömmu síðar var að hans sögn búið að loka þar og glerja yfir. Óttast hann að glerhjúpurinn eigi eftir að leka, og þá sérstaklega glerþakið. „Þetta eru svo misjafnar sílíkonþéttingar að ég óttast að fljótlega eigi eftir að bera á rakamyndun. Þýskur verktaki, með mikla reynslu af sílíkonþéttingum, sem skoðaði Hörpu benti mér á misfellur í fúgunum og fannst honum að víða hefði mátt betur fara."

> ***Strendingarnir í suðurveggnum eru boltaðir saman, en síðan eru hliðarnar á gluggarömmunum, sem snúa út að sjónum, víða unnar á þann veg sem best væri hægt að lýsa sem klúðurslegri málmsuðu. Málmsuðan er ekki hrein og falleg, heldur minnir frekar á málmsuðu eins og hún sást í austur-evrópsku togurunum í gamla daga. Ljóta málmsuðu má líka sjá í handriðum. Gluggarammarnir sjálfir eru víða sveigðir, með misfellur og þverrákir í stálinu, eins og sjá má á þeim myndum sem ég hef tekið.***

Þegar tal berst að málmsuðuvinnu í húsinu segist Örnólfur einnig hafa margt út á hana að setja. „Strendingarnir í suðurveggnum eru boltaðir saman, en síðan eru hliðarnar á gluggarömmunum, sem snúa út að sjónum, víða unnar á þann veg sem best væri hægt að lýsa sem klúðurslegri málmsuðu. Málmsuðan er ekki hrein og falleg, heldur minnir frekar á málmsuðu eins og hún sást í austur-evrópsku togurunum í gamla daga. Ljóta málmsuðu má líka sjá í handriðum. Gluggarammarnir sjálfir eru víða sveigðir, með misfellur og þverrákir í stálinu, eins og sjá má á þeim myndum sem ég hef tekið," segir hann.

Að lokum bendir hann á að í norðaustur og norðvesturhorni byggingarinnar séu samsetningar á þann veg að spyrja megi hvort teikningar og útreikningar hafi gengið upp. Þar sé að finna ýmsar „reddingar", þar sem litlar skáskornar stálplötur hafi til að mynda verið notaðar til að festa saman stærri gluggaeiningar sem hittust ekki á. Sömu sögu er að segja frá norðausturhorni annarar hæðar.

Framhald á næstu opnu

Sum vinnan er með ólíkindum eins og sést á þessari mynd.

Ljót málmsuða.

> *Ég og Guðmundur Kr. Guðmundsson arkitekt höfum mikla reynslu af stórum opinberum framkvæmdum og höfum slæma reynslu af ryði í stáli í því sambandi. Í byrjun mars 2010 var Guðmundi boðið að skoða bygginguna. Þá sá hann hvernig stálstrendingarnir voru farnir að ryðga og var hann fljótur að spyrja hvort menn ætluðu virkilega að setja þetta ryðgaða drasl upp. Því var svarað játandi og að þetta væri ekkert alvarlegt.*

Hann furðar sig á því hvers vegna íslenskir málmsuðumenn, sem hafa verið verðlaunaðir erlendis fyrir frábærar málmsuður, fengu ekki að koma að verkinu. „Af áratuga langri reynslu fullyrði ég að íslenskir iðnaðarmenn hefðu skilað betra verki. Ég væri einnig rólegri ef þeir hefðu komið að glerhjúpnum sjálfum. Mér hrýs hugur við því að barnabörnin mín, sem skattborgarar í framtíðinni, eigi eftir að borga endalaust viðhald á bákninu. Nóg verður nú samt," segir Örnólfur að lokum.

Guðmundur Ragnarsson: Made in China

„Við hjá VM höfum fylgst með þessari umdeildu byggingu í þó nokkurn tíma og þeim ófaglegu vinnubrögðum sem þar hafa viðgengist. Höfum við sérstaklega fylgst með þeim málum sem snúa að vinnu okkar fagstétta. Við hörmum að í þetta hús eigi eftir að koma milljónir erlendra ferðamanna og berja vinnubrögðin augum. Fyrir hönd íslenskra málmiðnaðarmanna, sem eru frægir fyrir vönduð og fagleg vinnubrögð, eins og kemur fram hjá Örnólfi, krefjumst við þess að sett verði upp skilti á áberandi stað með upplýsingum um að járnhjúpurinn sé „Made in China".

Framhald á næstu síðu

Örnólfur Hall
„Þetta eru svo misjafnar sílíkonþéttingar að ég óttast að fljótlega eigi eftir að bera á rakamyndun. Þýskur verktaki, með mikla reynslu af sílíkonþéttingum, sem skoðaði Hörpu benti mér á misfellur í fúgunum og fannst honum að víða hefði mátt betur fara."



Klúðurshornið í norðausturhluta byggingarinnar.

Ryð blæðir út í gluggaramma.

Snilld í samsetningu.

Nú þegar er farið að sjást til rakamyndunar.

Ég tel það sjálfgefið að allir þessir erlendu ferðamenn dragi þá ályktun að smíðin sé íslensk.

Auk þess viljum við koma inn í þessa umræðu þeim fjölda verkefna sem send eru út. VM hefur undanfarið safnað gögnum, og ætlar sér að halda áfram með þá umræðu, um að allt of mikið af verkefnum séu send erlendis án þess að íslenskum fyrirtækjum sé gefinn kostur á að bjóða í verkin. Í núverandi ástandi geta íslensk fyrirtæki ekki byggt sig upp og aukið getu sína í að taka að sér stærri verkefni, komið jafnvægi á mönnun og flæði stærri verkefna. Enda er staða fyrirtækja í vél- og málmtækni þannig í dag að þar vantar fagfólk til starfa.

Ef ég man rétt þá var umræðan í þá veru, varðandi hjúpinn, að íslensk fyrirtæki réðu ekki við verkið. Sú umræða var móðgun við okkar fólk. Að mínu viti voru þar annarleg sjónarmið sem réðu ferðinni. Líkur eru á því að þessi bygging sé, þegar glansinn fer af henni, hrákasmíði frá a til ö, og byggð á kostnaðaráætlunum sem voru langt frá því að vera raunhæfar. Vandað og tignarlegt mannvirki kostar skildinginn ef það á að uppfylla þær gæðakröfur sem gerðar eru þegar byggt er til framtíðar.

Þegar farið er í slíkar framkvæmdir eigum við að sjá til þess að íslenskt handverk fái að njóta sín, þó það kosti aðeins meira. Byggingin er jú hluti af ásýnd okkar út á við.“

Valdís Þóra Gunnarsdóttir á skrifstofu VM:

Hugvekja um forvarnir

Góð vísa er aldrei of oft kveðin og því er ágætt að minna öðru hvoru á forvarnir í tengslum við heilsu okkar, því við eigum jú bara þennan eina kropp og verðum að hugsa vel um hann. Okkur hættir til að gleyma því að hugsa um eigin heilsu í amstri dagsins og hundsa skilaboð kroppsins um að eitthvað ami að. Okkur finnst alveg sjálfsagt að láta skoða bílinn okkar og því ætti ekkert að vera eðlilegra en að láta athuga okkur sjálf með reglulegu millibili.

Krabbamein í blöðruhálskirtli er algengasta krabbamein sem greinist hjá íslenskum karlmönnum og því ættu allir karlmenn sem komnir eru yfir fimmtugt að hafa þetta í huga og fara í skoðun reglulega. Sérstaklega þeir sem eiga skyldmenni sem hafa fengið þetta mein og þá er ráðlagt að fara í skoðun eftir fertugt. Margir karlmenn eru feimnir við þetta og vita ekki hvert þeir eiga að leita og er skipulögð krabbameinsleit í karlmönnum komin styttra á veg en hjá konum og minna áberandi. Það eru jú til kvensjúkdómalæknar en maður heyrir aldrei um karlsjúkdómalækna ! Hinsvegar eru til þvagfæralæknar og þeir taka þetta hlutverk að sér fyrir karlmennina. Mottu-mars er samt fín áminning og flott að drífa sig af stað og panta tíma í skoðun.

Allir ættu að þekkja hjartað sitt og gott er að fara í áhættumat hjá Hjartavernd á hverju ári. Félagsmenn eru orðnir mjög duglegir við að nýta sér þá þjónustu en betur má ef duga skal því að kransæðastífla er önnur algengasta dánarorsök íslendinga og árlega fá yfir 300 íslendingar kransæðastíflu. Áhættumatið gefur okkur dýrmætar upplýsingar og getum við þá tekið viðeigandi ráðstafanir í tíma.

Heilsa félagsmanna er mikilvæg og tekur Sjúkrasjóður VM þátt í kostnaði við forvarnir og eiga félagsmenn rétt á 90% endurgreiðslu af kostnaði af eftirfarandi forvarnarskoðunum á hverju ári.

Blöðruhálskirtilsskoðun

- *Áhættumati hjá Hjartavernd*
- *Krabbameinsskoðun*
- *Ristilsskoðun*
- *Heyrnarmælingu*

Valdís Þóra Gunnarsdóttir
Heilsa félagsmanna er mikilvæg og tekur Sjúkrasjóður VM þátt í kostnaði við forvarnir og eiga félagsmenn rétt á 90% endurgreiðslu af kostnaði af eftirfarandi forvarnarskoðunum á hverju ári.

Auk þess er veittur styrkur til líkamsræktar einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili því líkamrækt og heilbrigt líferni er ein besta forvörn sem völ er á - heilbrigð sál í hraustum líkama !

Já það er vandlifað í þessu jarðlífi og ýmislegt sem við þurfum að kljást við og berjast á móti en með því að setja okkur sjálf í fyrsta sæti í forvörnum getum við aukið líkurnar á góðum lífsgæðum ævilangt.

Heimildir :www.krabb.is , Krabbameinsfélagið, www.hjarta.is, Hjartavernd

Héðinshúsið, Gjáhellu 4, Hafnarfirði

Þekkingarfyrirtæki í málmiðnaði og véltækni

HÉÐINN
Sími 569 2100 • hedinn.is

Framkvæmdastjóri 3X Technology segir málmiðnaðinn eiga við ímyndarvanda að stríða:

ÍMYNDARVANDI

Okkur hefur gengið erfiðlega að fá vel menntað fólk til starfa, rétt eins og öðrum fyrirtækjum í hátækniiðnaði og þessi staða hefur á vissan hátt háð starfsemi fyrirtækisins. Fyrir hrun leystum við vandann að hluta til með því að flytja inn erlent starfsfólk en í dag er það erfiðleikum háð," segir Jóhann Jónasson framkvæmdastjóri 3X Technology á Ísafirði. Hjá fyrirtækinu starfa um 40 manns, sem býður upp á úrval af lausnum fyrir matvælaiðnað, bæði stöðluðum og sérhæfðum. Stór hluti framleiðslunnar fer til erlendra viðskiptavina. Jóhann segir að málmiðnaðurinn hér á landi eigi við ímyndarvanda að stríða.

„Almenningur heldur oft á tíðum að vinnustaðirnir í málmiðnaði séu óþrifalegir, menn starfi þar við slæman aðbúnað og launin séu lág, en staðreyndin er allt önnur. Þetta eru tæknidrifin störf í flestum tilvikum og starfsumhverfið er snyrtilegt og þrifalegt, verkefnin eru yfirleitt næg og launin góð. Til að bregðast við þessu vandamáli þurfa fyrirtækin og fagfélögin að hrinda af stað sameiginlegu átaki og kynna fyrir almenningi starfsemina. Þetta á sérstaklega við um ungt fólk, því miður er allt of hátt hlutfall sem velur sér bóknám í framhaldsskóla. Þótt bóknám sé auðvitað gott og gilt, verður þjóðin líka að mennta rafvirkja, stálsmiði, rennismiði, og svo framvegis." Störf þessara starfsgreina hafa breyst mikið undanfarin ár með tilkomu nýrra tækja og framleiðslutækni. Því er mikilvægt að miðla þessu til almennings.

> *Til að bregðast við þessu vandamáli þurfa fyrirtækin og fagfélögin að hrinda af stað sameiginlegu átaki og kynna almenningi starfsemina.*

Jóhann Jónasson
Segir að illa gangi að fá vel menntað fólk til starfa.

Jóhann segir að vandi 3X Technology verði ekki leystur með því að flytja fyrirtækið frá Ísafirði á höfuðborgarsvæðið.

„Nei, vandinn er sá sami fyrir sunnan, skortur á vel menntuðu og hæfu starfsfólki er um land allt. Vöntun á sérmenntuðu fólki í málmiðnaði hefur verið viðvarandi vandamál í mörg ár og við því verður að bregðast með markvissum hætti," segir Jóhann Jónasson framkvæmdastjóri 3X Technology á Ísafirði.

VM kaffi

Fyrsta **VM kaffi** vetrarins verður föstudaginn 30. september kl. 15 í VM húsinu Stórhöfða 25, 4. hæð.

VM, ER MEÐAL STÆRSTU FAG- OG STÉTTARFÉLAGA LANDSINS

Vélstjórar og málmtæknimenn eiga margt sameiginlegt bæði í námi og á vinnumarkaði. Nám þeirra skarast, auk þess sem vélstjórar og málmtæknimenn starfa iðulega á sömu vinnustöðum. Veiðafæragerð er ein af faggreinum í VM.

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA - Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is ***- okkur er annt um þinn hag***

Héðinn leysir vandann með erlendum starfsmönnum:

Nýliðun er stærsta vandamálið

„Staðan hjá okkur er svipuð og meðal annarra fyrirtækja í málmiðnaði og véltækni. Það er skortur á málmiðnaðarfólki og hefur verið í mörg ár. Við þessu vandamáli verður að bregðast á einhvern hátt. Sú umræða sem á sér stað varðandi uppbyggingu atvinnulífsins í framtíðinni kallar klárlega á umtalsverðan fjölda málmiðnaðarfólks, til dæmis í stóriðju og framkvæmdum við virkjanir. Við hjá Héðni höfum leyst þetta vandamál með því að flytja inn erlenda starfsmenn, aðallega suðumenn frá Rúmeníu," segir Guðmundur S. Sveinsson framkvæmdastjóri málmiðnaðar- og véltæknifyrirtækisins Héðins í Reykjavík. Hjá fyrirtækinu starfa um 140 manns, þar af eru erlendir starfsmenn um fjörutíu.

„Þessir erlendu starfsmenn eru ekki að taka vinnu frá Íslendingum. Þeir eru fyrst og fremst að leysa skort á innlendu vinnuafli. Þetta er eina færa leiðin til að bregðast við vandanum og hefur reynst vel. Það er erlend starfsmannaleiga sem útvegar okkur starfsfólk og laun eru greidd samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Sömu sögu er að segja um opinber- og önnur gjöld, en þau eru öll greidd eins og lög og reglur segja til um."

Guðmundur segir reynt eftir megni að fá íslenska iðnaðarmenn til starfa, þeir gangi almennt fyrir. En hvernig á að leysa þetta vandamál?

„Nú er stórt spurt, þetta hefur svo sem verið rætt fram og til baka undanfarin ár. Það þarf að byggja upp ímynd iðnaðarins, þannig að almenningur líti á greinina sem áhugaverðan og spennandi valkost. Þetta á sérstaklega við um yngra fólkið sem er að huga að framtíðinni og ákveða námsleiðir. Málmiðnaðurinn er tæknivædd grein, sem krefst mikillar og góðrar menntunar, og auk þess eru launin almennt góð. Með öðrum orðum, þetta er spennandi grein með miklum möguleikum, góður málmiðnaðarmaður getur alltaf valið úr störfum og þarf alls ekki að óttast verkefnaskort. Síðan nefni ég nauðsyn þess að kvenfólki fjölgi í greininni en einhverra hluta vegna hefur það ekki tekist þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þar um. Nýliðun í málmiðnaði er klárlega eitt stærsta vandamál greinarinnar um þessar mundir."

> *Þessir erlendu starfsmenn eru ekki að taka vinnu frá Íslendingum. Þeir eru fyrst og fremst að leysa skort á innlendu vinnuafli.*

Skólakerfið

„Sú var tíðin að okkar nemar námu við Iðnskólann í Reykjavík. Málmiðnaðardeildin þar var síðan lögð niður og námið flutt upp í Breiðholt. Í dag fer námið fram í Borgarholti, sem þýðir að fólk sem býr í vestan- og sunnanverðri Reykjavík þarf að fara um nokkuð langan veg til að sækja sitt nám. Mótvægið hér á höfuðborgarsvæðinu er svo nám í Hafnarfirði. Ef til vill er staðsetning menntastofnananna ekki fýsileg fyrir nokkuð fjölmennan hóp, sem kannski hefur áhuga á náminu. Við þetta bærist svo að bóknámi hefur um langt árabil verið gert hærra undir höfði en verk- og iðnnámi. Við þurfum sannarlega að benda ungu fólki á þessa grein, því ég fullyrði að nám í málmiðnaði er mjög svo fýsilegur kostur. Auk þess eru dyr háskóla opnir fólki sem hefur lokið iðnnámi, segir Guðmundur S. Sveinsson."

Málmiðngreinar vinsælar á Akureyri:

Ungt fólk meðvitaðra

„Á meðan minni aðsókn er í nám í byggingargreinum, sem er orðið þrjátíu prósent af því sem það var fyrir nokkrum árum, þá hafa málmiðngreinar orðið vinsælli. Við getum í mesta lagi tekið inn sextíu nýnema í grunndeild málm- og véltæknigreina, og nú er staðan þannig að við erum með fólk á biðlista," segir Benedikt Barðason, áfangastjóri Verkmenntaskólans á Akureyri, aðspurður um aðsókn í nám í málmiðnum við skólann. Telur hann ýmsar ástæður liggja á bakvið þennan vaxandi áhuga. Til að mynda hafi málmiðnaðarmenn verið duglegir við að kynna í blöðum sínum aukna þörf á menntuðu fólki úr verk- og tæknigreinum og að fjölmiðlar hafi sýnt þeirri þörf meiri áhuga. Því telur hann að ungt fólk sé að verða meðvitaðra um þá atvinnumöguleika sem í boði eru fyrir málmiðnaðarmenn, en að sögn Benedikts eru þeir, eftir því sem hann best veit, mjög góðir. „Við hjá skólanum vitum ekki annað en að málmtæknimenn fái vinnu mjög fljótt. Flestir stálsmiðir og vélstjórar sem klára nám héðan fá vinnu nánast um leið." Ársæll Guðmundsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, staðfestir að vöntun sé á fólki með slíka menntun. Hann hefur hins vegar ekki orðið var við mikla aukningu í nýskráningum nemenda í málmiðngreinum hjá skólanum og segir tölur um fjölda nýnema vera svipaðar og undanfarin ár.

> *Við getum í mesta lagi tekið inn sextíu nýnema í grunndeild málm- og véltæknigreina, og nú er staðan þannig að við erum með fólk á biðlista.*

Uppstillingarnefnd VM

Uppstillingarnefnd VM kallar eftir tillögum og tilnefningum frá félagsmönnum vegna framboða til formanns, stjórnar, varastjórnar og fulltrúaráðs VM tímabilið 2012 til 2014. Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að bjóða sig fram eru beðnir að leita til einhvers af nefndarmönnum fyrir 26. nóvember 2011.

Ári áður en kosningar fara fram kýs aðalfundur sjö manna uppstillingarnefnd. Nefndin kallar eftir tillögum og tilnefningum frá félagsmönnum og skal ræða allar tillögur sem henni berast. Nefndin kappkostar að taka tillit til starfsgreina og landssvæða, þannig að stjórn endurspegli breidd félagsins. Uppstillingarnefnd skal ljúka störfum eigi síðar en átta mánuðum eftir kjör hennar. Sú nefnd sem nú starfar var kjörin á aðalfundi VM 26. mars 2011.

Nefndarmaður:	Vinnustaður:	Tölvupóstur:	Farsími:
Bragi Eyjólfsson	HS orka hf	bragi@hs.is	840 5606
Einar Hilmarsson	Frumherji	einsol@internet.is	865 1490
Jón Ragnarsson	Samskip	jon.ragnarsson@samskip.com	869 3212
Haraldur G. Samúelsson	Egill þjónustuverkstæði	hagusa@simnet.is	894 2703
Hákon Örn Halldórsson	Landhelgisgæslan	benisterki@gmail.com	895 1141
Jóhannes Halldórsson		jsha@simnet.is	895 1550
Kristinn Sævar Jóhannsson	Eimskip	ksj@eimskip.is	845 8797

- Við formannskjör er sá frambjóðandi réttkjörinn sem flest atkvæði hlýtur.
- Við kjör stjórnar- og varamanna skal uppstillingarnefnd stilla upp sextán félagsmönnum í stafrófsröð, þó þannig að upphaf stafrófsraðar sé ákveðið með því að draga um upphafsstaf í röðinni.
- Niðurstaða uppstillingarnefndar verður kynnt á almennum félagsfundi.
- Aðrar tillögur sem fram koma teljast aðeins gildar ef þær hafa verið bornar fram innan þess frests sem kjörstjórn auglýsir og hafi stuðning 20 fullgildra félagsmanna.
- Þeir einir eru kjörgengir til stjórnar sem hafa greitt hlutfall af launum í félagsgjald síðustu sex mánuði áður en uppstillingarnefnd lýkur störfum, auk heiðursfélaga.

MIKILL MUNUR Á VERÐI MILLI LANDA

Guðmundur Þ. Ragnarsson formaður VM, skrifar um verðmyndun á fiski:

Eitt af undrum íslensks hagkerfis og frjálshyggjunnar er verðmyndun á fiski. Í hagkerfi sem byggt var upp með frjálshyggjunni, er markaðurinn talinn besta leiðin til að tryggja samkeppni og hagkvæmni. Þá hafa hörðustu postular markaðshyggjunnar sagt að það gildi ekki í íslenskum sjávarútvegi. Forystumenn stéttarfélaga sjómanna hafa í gegnum árin barist fyrir eðlilegri verðmyndun á fiski án verulegs árangurs. Sjómenn hafa reynt með verkföllum að ná fram einhverjum breytingum, en án ásættanlegs árangurs.

Þegar Verðlagstofa skiptaverðs var sett á stofn árið 1998 var hlutverk hennar að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri eins og nánar er kveðið á um í lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs. Það má fullyrða að þessu fyrirkomulagi hafi verið þvingað upp á sjómenn.

Í áttundu grein laganna segir að Verðlagsstofa skiptaverðs skuli annast upplýsingaöflun og skrifstofuhald fyrir úrskurðarnefnd. Á fyrstu árum stofnunarinnar voru þrjú og hálft stöðugildi og þokkaleg sátt var um stofnunina og að hún sinnti sínu verkefni. Í dag er staðan önnur, nú eru þar aðeins tvö hálfsdags stöðugildi og stofnunin því óhæf til að sinna þeim verkefnum sem henni er ætlað. Starfsmennirnir leggja sig alla fram og þeir eiga hrós skilið. Verkefnalistinn, frá fulltrúum sjómanna í Úrskurðanefndinni, er orðinn ansi langur. Ekkert er hægt að gera vegna manneklunnar. Byggst hefur upp mikil óánægja og aðeins er tímaspursmál hvenær blaðran springur. Það er, ef ekki verður reynt að finna farsæla lausn á þessum málum. Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna er sá vettvangur, samkvæmt lögunum um Verðlagsstofu, sem fer yfir málin og þar er fiskverð ákveðið.

Hærra verð til útlendinga

Eins og verðlagsmálin hafa þróast, þá höfum við verið frekar einangruð með þann sjávarafla sem borist hefur hér á land, vegna

Guðmundur Þ. Ragnarsson
Ég er ekki að setja fram fullyrðingar um að eitthvað svindl sé í gangi. Mig langar aðeins að fá útskýringará í hverju þessi mikli munur liggur.

þess að einungis íslenskar útgerðir stunda veiðar innan lögsögunnar í okkar staðbundnu fiskistofnum, sem er mjög gott mál. Hins vegar hefur allan þennan tíma verið varpað fram þeirri spurningu, hvers vegna þær fiskvinnslur sem hafa getað fengið fisk keyptan á íslenskum fiskmörkuðum geti greitt talsvert hærra verð fyrir hráefnið til vinnslu, en verðið hefur verið í beinni sölu. Þ.e.a.s. verð sem úrskurðað er í Úrskurðarnefnd. Þessir aðilar hafa getað greitt þetta háa markaðsverð fyrir hráefnið, unnið fiskinn og selt hann erlendis og náð framlegð í sínum rekstri. Á sama tíma gráta þeir aðilar sem vinna á fiskverðum Úrskurðarnefndar, um að verð sé alltof hátt til sjómanna.

Framhald á næstu opnu

Ég vil taka það fram að í þessu, eins og öðru varðandi kaupgetu á fiskmörkuðum, þá fer hluti af þessum fiski með flugi á dýra ferskfiskmarkaði þannig að það verður að bera saman epli og epli en ekki epli og appelsínur. Mörg útgerðafyrirtæki sinna hins vegar líka þeim mörkuðum, þó þær greiði sjómönnum verð Úrskurðarnefndar.

Á undanförnum árum hefur dregið úr einangrun í veiðum á uppsjávarfiski. Norðmenn og Færeyingar veiða loðnu, síld og makríl úr sömu torfum og íslenskir sjómenn og íslenskar útgerðir.

Íslenskar útgerðir ákveða verð til sinna sjómanna einhliða. Áhafnir eru settar í þá stöðu að sætta sig við verðið til að halda starfi sínu. Það er þröngur kostur, sjómönnum er annt um fjárhagslegt öryggi sitt og fjölskyldna sinna.

Leynd hér á landi

Ef verðlagning á uppsjávarfiski er skoðuð og borin saman við verð í Noregi og Færeyjum vakna spurningar og skýringa er þörf.

> *Aðild að ESB og upptaka evru myndi í fyrsta lagi neyða okkur til að breyta uppgjörsaðferðum sjóðanna, því að evran býður ekki upp á 3,5% raunvexti.*

Reyndar er ekki sama aðgengi að verðum hér á landi og í hinum löndunum.

Á Íslandi er líka mikil leynd yfir verðunum. Því er erfitt að átta sig á hinu raunverulega verði til sjómanna. Eina leiðin er að safna upplýsingum úr launauppgjörum til sjómanna og finna verðin út eftir á. Til að Úrskurðarnefnd geti haft yfirsýn yfir þessi mál þarf að vinna úr upplýsingum hratt, en eins og áður sagði er stofnunin nánast lömuð.

Mig langar að skilja þetta og fá skýringar. Ég er ekki að setja fram fullyrðingar um að eitthvað svindl sé í gangi. Mig langar aðeins að fá útskýringar á í hverju þessi mikli munur liggur.

Stöðu minnar vegna, sem fulltrúi í Úrskurðarnefndinni, get ég ekki nefnt staðfest verð, þar sem ég er bundinn trúnaði. Þetta er sérstakt þar sem þar liggja upplýsingar sem eru grundvöllur launa minna umbjóðenda.

Staðfestur verðmunur

Fyrst vil ég skoða loðnuna og fara yfir tölulegar upplýsingar sem ég aflaði mér.

Í Noregi er fiskmarkaður Norges Sildesalglag https://www.sildelaget.no/omsetning.aspx

Þar kemur fram að 89.298 tonnum af loðnu frá Jan Mayen og Íslandi hafi verið landað þar frá 1/1/2011 til 14/8/2011, á meðalverði sem er 1,89 NKR eða um 40,2 ÍKR (miðað við sölugengi Seðlabankans 3/9/2011). Á loðnuvertíðinni síðasta vetur var verðið til íslenskra skipa frá 23 og upp í 28 ÍSK. Á vertíðinni var keypt talsvert af loðnu af erlendum skipum og á þeim verðum sem gilda á heimamarkaði skipanna og jafnvel hærra en þar viðgekkst. Þetta varð að gera til að fá aflann til vinnslu hér. Það kom því fyrir að verið var að landa í íslenskri höfn fiski úr sömu loðnutorfunni, á sitt hvoru verðinu sama daginn, einungis eftir því hvort skipið var íslenskt eða norskt.

Á sama norska markaði er verð á makríl frá sama tímabili. Seld voru 67.038 tonn af ferskum makríl á meðalverði 9,34 NKR eða 198,6 ÍKR (á gengi 3/9/2011). Það skal tekið fram að ekki er skilgreint af hvaða veiðisvæðum makríllinn er. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Færeyjum hefur verðið verið um 6 DKR fyrir ferskan makríl og 12 DKR fyrir frosinn. Ég tel öruggt að hann sé úr sömu fiskitorfunni og íslensku skipin hafa verið að fiska makrílinn úr.

Framhald á næstu opnu

Í ÍKR er það um 132 kr. fyrir ferskan makríl og 264 kr. fyrir frosinn. Veiðiheimildir fyrir makríl sem seldar voru í Færeyjum fóru á 4,56 DKR (100 ÍKR) fyrir hann syndandi í sjónum. Hæsta tilboðið var 5,73 DKR (125,7 ÍKR), sem er talsvert hærra en greitt er fyrir hann ferskan í löndun til íslenskra sjómanna.

Þá komum við að íslensku verðlagningunni, sem er mjög erfitt af fá góða yfirsýn yfir vegna trúnaðar og getuleysis Verðlagsstofu til að safna upplýsingum og sannreyna hvort þær séu réttar þegar kemur að uppgjörum til íslenskra sjómanna. Verðið er að vísu mjög mismunandi, t.d. á ferskum makríl, hvort honum er landað úr uppsjávarskipi, togskipi eða handfærum. Hjá uppsjávarskipunum er verðið frá 26 kr. og upp í 80 kr. en hjá ísfiskskipum í öðrum veiðiskap virðist verðið vera frá 50 kr. og upp í 110 kr. Allar þessar tölur sem ég hef nefnt sem íslenskir sjómenn eru að fá fyrir ferskan makríl er einhliða ákvörðun útgerðarinnar eins og áður hefur komið fram.

> ***Þá komum við að íslensku verðlagningunni sem er mjög erfitt af fá góða yfirsýn yfir, vegna trúnaðar og getuleysi Verðlagsstofu til að safna upplýsingum og sannreyna hvort þær séu réttar þegar kemur að uppgjörum til íslenskra sjómanna. Verðið er að vísu mjög mismunandi t.d. á ferskum makríl, hvort honum er landað úr uppsjávarskipi, togskipi eða handfærum. Hjá uppsjávarskipunum liggur verðið á milli 26 kr. upp í 80 kr. hjá ísfiskskipum en í öðrum veiðiskap virðist verðið liggja milli 50 kr. upp í 110 kr. Allar þessar tölur sem ég hef nefnt sem íslenskir sjómenn eru að fá fyrir ferskan makríl er einhliða ákvörðun útgerðarinnar eins og áður hefur komið fram.***

Óvinnandi verk

Varðandi frosinn makríl, úr íslenskum skipum, virðast verðin sem ég hef aflað mér upplýsingar um liggja á bilinu 178 kr./kg. upp í 250 kr./kg. eftir skipum og útgerðum.

Eins og fram kemur í greininni er ekki flókið að fá yfirsýn yfir meðalverð á loðnu og makríl frá áramótum í Noregi.

Hins vegar er þetta algerlega óvinnandi verk fyrir utanaðkomandi aðila að átta sig á íslensku verðlagningunni. Þau verð sem ég hef nefnt eru verð sem mínir umbjóðendur hafa sent mér. Ég sem fulltrúi VM í Úrskurðarnefnd er bundinn trúnaði og get ekki vitnað í upplýsingar sem ég hef aðgang að þar, eins og áður hefur komið fram. Þannig verðlagskerfi er í sjávarútvegi í þjóðfélagi sem byggt er upp sem frjálst markaðshagkerfi og á að tryggja hámarks arðsemi. Það væri efni í heila bók að fjalla um verðmyndunarkerfi á fiski á Íslandi, svo flókið og vitlaust er það.

Það sem brennur helst á í dag, til að hægt sé að koma vinnu af stað, og reyna að skilja verðmuninn sem blasir við þeim sem bera sig eftir því, er að skoða verð í öðrum löndum á fiski upp úr skipum við löndun og hér heima. Mikilvægt er að Verðlagsstofa skiptaverðs verði fullmönnuð, helst fjórum stöðugildum, til að hægt verði að fara á fullt í þessa vinnu og mörg önnur verkefni sem ekki hefur verið hægt að sinna. Sú niðurlægjandi óvirðing sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sýnir þessari atvinnugrein og sjómönnum, að tryggja ekki fjármagn til reksturs stofnunarinnar, er óþolandi. Á sama tíma og þetta sama ráðuneyti dælir hundruðum milljóna í rekstur bændasamtaka og áróðursmaskínu þeirrar atvinnugreinar. Að ráðuneytið hafi ekki áhuga og vilja til að tryggja að verðlagsmál í sjávarútvegi samkvæmt lögunum séu tryggð og að hagsmunum íslenskra sjómanna sé gætt, er ástand sem ekki er hægt að sitja og þegja yfir lengur. Að mínu viti er komið að ákveðinni ögurstundu varðandi þessi mál. Annaðhvort hysjar ráðuneytið upp um sig buxurnar og tryggir að hægt sé að koma þessum málum í ásættanlegt lag eða að stéttarfélög sjómanna segi sig frá þessu fyrirkomulagi verðlagsmála á fiski og í komandi kjarasamningsviðræðum verði verðmyndun á fiski sett á oddinn. Fundin verði önnur aðferðafræði til að tryggja rétta og heilbrigða verðmyndun á fiski fyrir íslenska sjómenn til framtíðar.



Jón Bjarnason Annaðhvort hysjar ráðuneytið upp um sig buxurnar og tryggir að hægt sé að koma þessum málum í ásættanlegt lag eða að stéttarfélög sjómanna segi sig frá þessu fyrirkomulagi.

Öfunda Norðmenn

Hvað skýrir svona mikinn verðmun á loðnu úr sömu veiðitorfunni í Noregi og Íslandi langar mig að skilja og fá eðlilegar skýringar á. Eins verðmuninn á makríl í Noregi, Færeyjum og á Íslandi. Verðlagning á fiski er eitt af undrum íslenska hagkerfisins, eins og ég sagði í upphafi. Þar er allt á huldu og leynd varðandi verðlagningu sumra fisktegunda, fyrir utan opinbert verð Úrskurðarnefndar á þorski, ýsu, karfa og ufsa. Þau verð sem eru um borð í þeim veiðiskipum sem frysta aflann um borð hafa lítið verið sannreynd með vissu. Ekki er vitað hvort þau séu endanlegu afurðaverðin sem eru á markaðnum erlendis. Til að útiloka allan misskilning þá er þessi umfjöllun ekki dómur á rekstur íslenskra fyrirtækja í sjávarútvegi sem mörg eru að standa sig vel í rekstrinum. Aðeins er verið að varpa fram þeirri spurningu hvort verðin á afurðunum séu rétt. Það er mitt verkefni að geta sagt það við mína umbjóðendur að svo sé. Í dag get ég það ekki. Það er því mjög brýnt að allir þeir sem koma að verðmyndun á fiski á Íslandi taki höndum saman og safni upplýsingum til að hægt sé að skilja verðmun á fiski hér og annars staðar. Ef skýringarnar eru eðlilegar þá er allavega búið að hreinsa andrúmsloftið. Frjálst fiskverð er auðvitað loka takmarkið.

Ég öfunda norska sjómenn að geta farið inn á netsíðu norsks fiskmarkaðar og séð þar meðalverð á hundruðum þúsunda tonna sem landað hefur verið í Noregi af loðnu og makríl.

Þó svo ég sitji í Úrskurðarnefnd, þá samt sem áður get ég ekki skilið verðlagningu á uppsjávarfiski. Útgerðir verða að átta sig á því að þetta er ekki þeirra einkamál. Sjómenn, og þjóðin öll, eiga skýlausa kröfu um að þessi mál verði útskýrð. Ef stjórnendur útgerðanna eru að gefa afurðirnar frá sér vegna lélegrar sölumennsku verða þeir stjórnendur að víkja.

Það er efnahagslegt skemmdarverk að gefa frá okkur sjávarafurðirnar á miklu lægri verðum en nágrannaþjóðirnar eru að fá, ef sú er raunin.

Mig langar til að skilja og fá skýringar fyrir hönd minna umbjóðenda hjá VM.

ÞURFUM VIÐHORFS-BREYTINGU

Svört atvinna og neðanjarðarhagkerfi.

Svört atvinnustarfsemi og neðanjarðarhagkerfi hafa fengið talsverða umfjöllun á opinberum vettvangi undanfarin ár. Í aðdraganda síðustu kjarasamninga áttu Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) í viðræðum við Ríkisskattstjóra og Fjármálaráðuneytið um mögulegar aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi. Var þar einnig beint sjónum að bættu siðferði í íslensku atvinnulífi. Þar sem um er að ræða milljarða, ef ekki tugi milljarða, er mikilvægt að unnið sé að úrbótum svo hægt sé að sporna gegn þessum meinsemdum samfélagsins.

Þann 14. júní sl. hófu ASÍ, SA og Ríkisskattstjóri sameiginlegt átak undir yfirskriftinni „Leggur þú þitt af mörkum“. Markmið átaksins er að hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að skattskilum og samningum sín á milli. Sjónum hefur einkum verið beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og áhersla lögð á að svört atvinnustarfsemi, undanskot á sköttum og launatengdum gjöldum og brot á kjarasamningum séu skaðleg fyrir alla hlutaðeigandi og samfélagið í heild.

Fulltrúar aðilanna þriggja hafa nú þegar heimsótt á annað þúsund vinnustaði til að kanna aðstæður og veita ráðgjöf, ásamt því að hvetja atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef aðstæður krefjast þess. Veitt hefur verið ráðgjöf við ýmis mikilvæg atriði, þar á meðal tekjuskráningu, virðisaukaskattskil, skil staðgreiðslugjalda og réttindamál. Allir landshlutar hafa verið heimsóttir og er dreifing heimsókna í samræmi við dreifingu rekstraraðila á landsvísu. Að jafnaði hafa um 12-14 starfsmenn unnið við verkefnið og hefur VM átt sinn fulltrúa í þeim hópi.

Fyrsta áfanga verkefnisins lauk nú í ágúst, en þá tók við úrvinnsla gagna og upplýsinga sem aflað var í þessum heimsóknum. Niðurstöður úr þeim áfanga verða kynntar í lok september en þær munu veita góðar upplýsingar um stöðu mála. Út frá þeim verða síðan teknar ákvarðanir um framhaldið.

Ríkisskattstjóri
Markmið átaksins er að hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að skattskilum og samningum sín á milli. Sjónum hefur einkum verið beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og áhersla lögð á að svört atvinnustarfsemi, undanskot á sköttum og launatengdum gjöldum og brot á kjarasamningum séu skaðleg fyrir alla hlutaðeigandi og samfélagið í heild.

> *Fyrsta áfanga verkefnisins lauk nú í ágúst, en þá tók við úrvinnsla gagna og upplýsinga sem aflað var í þessum heimsóknum.*

Ég stóð upp úr stólnum og gekk að landakorti sem hékk þar á vegg, benti á stað á Íslandi og gerði þar hring með penna, sagði svo: hérna á Þingeyri við Dýrafjörð, síðan fór ég í Vélskóla Íslands í þrjá vetur. Já, segir Kongevoll, þú ert vel menntaður Magnús.“

Magnús Hagalínsson segir sögur frá síldarárunum:

Sögur úr vélarúminu

Mikið væri veröldin snauðari ef ekki væri fyrir litríka og duglega menn eins og vélfræðinginn Magnús Hagalínsson. Magnús eyddi bernskuárunum á Dýrafirði og hóf síðan nám í vélvirkjun hjá Guðmundi J. Sigurðssyni á Þingeyri árið 1949. Að því námi loknu lá leiðin í Vélskóla Íslands en þaðan útskrifaðist hann árið 1957. Eftir stuttan tíma á farskipum snéri hann sér alfarið að síldarskipum og togurum. Í næstu þremur tölublöðum VM verða birtar frásagnir hans úr vélarúminu.

„Ég fór og sótti þrjú skip á síldarárunum, tvö til Noregs og eitt til Hollands. Þau voru Hamravík, byggð í Flurö, Akurey byggð í Flekkefjur og Örfirisey byggð í Díst í Hollandi. Þegar ég kom út við fyrsta skipið, Hamravík, voru vélar komnar niður en mikil vinna var eftir í lögnum. Ég fékk skrifstofu og teikningar af skipinu og öllum búnaði. Það var eitt og annað sem mátti, til dæmis var kominn miðstöðvarketill niður í vélarúm sem átti að hita upp afturskipið. Þetta tók ég til athugunar og sá ekki annað en það væri hægt að tengja saman ljósavél, miðstöð og aðalvél í eitt kerfi og nota kælivatn frá vélum til að hita upp afturskipið. Og ef aðalvél var stopp þá hélt ljósavél henni heitri, og öfugt, og miðstöðin því ávallt heit.

Ég teiknaði þetta kerfi og fór á fund forstjórans, Herra Kongevoll. Hann varð hugsi yfir þessari hugmynd og tók við teikningunni. Svo liðu tveir til þrír dagar þangað til að ég var boðaður á fund hjá forstjóra og yfirverkstjóra. Eftir stuttar samræður var þá samþykkt að ketillinn yrði tekinn í land. Með þessari breytingu sparaðist olía og vinna og úr varð mikið hreinna vélarúm. Ég fékk ekkert fyrir þetta, aðeins betra vélarúm fyrir mig og alla sem á eftir komu. Þess má geta að þegar ég sótti annað og þriðja skipið þá var búið að taka þessa breytingu í þau, og vissi ég ekki hver hafði komið henni á framfæri. Nokkru seinna átti ég samtal við forstjórann yfir kaffibolla á skrifstofunni. Þá spurði hann mig; segðu mér Magnús, hvar lærðir þú vélvirkjun? Ég stóð upp úr stólnum og gekk að landakorti sem hékk þar á vegg, benti á stað á Íslandi og gerði þar hring með penna, sagði svo: hérna á Þingeyri við Dýrafjörð, síðan fór ég í Vélskóla Íslands í þrjá vetur. Já, segir Kongevoll, þú ert vel menntaður Magnús.“

VÉLAR EHF.
Lloyd's Register
ÁSAFL EHF
Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfirði
Sími: 562-3833 - Gsm: 863-5512
asafl@asafl.is - www.asafl.is
GOGGUR
ÚTGÁFUFÉLAG

Leggur þú þitt af mörkum?

Samstarf um eflingu góðra atvinnuhátta

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Ríkisskattstjóri standa um þessar mundir að sameiginlegu átaki til þess að hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að samningum sín í milli. Fulltrúar aðilanna þriggja heimsækja vinnustaði, kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir.

Átakið er gert undir yfirskriftinni „Leggur þú þitt af mörkum”. Þar er skírskotað til þess að bæði atvinnurekendur og launafólk hafi víðtækar skyldur til starfsgreina sinna og samfélagsins í heild. Markmiðið er að stuðla að betri tekjuskráningu, tryggja að starfsmenn séu skráðir á launaskrá og að farið sé að lögum og reglum. Um leið er hvatt til þess að opinber gjöld skili sér á réttum tíma ásamt lögboðnum og samningsbundnum framlögum til lífeyrissjóða og gjöldum til stéttarfélaga. Í þeim efnum eiga landsmenn allir mikilla hagsmuna að gæta.

Athyglinni er sérstaklega beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og áhersla lögð á að svört atvinnustarfsemi, undanskot á launatengdum gjöldum og brot á kjarasamningum séu skaðleg fyrir alla hlutaðeigandi og samfélagið í heild sinni. Atvinnurekendur eru hvattir til að hafa tekjuskráningu sína í lagi, alla starfsmenn sína skráða og nota vinnuskilríki þar sem það á við. Forsenda jafnrar og eðlilegrar samkeppnisstöðu er að farið sé að samræmdum leikreglum og góðum viðskiptaháttum. Launafólk er hvatt til að samstöðu um að vinna samkvæmt kjarasamningum, greiða tilheyrandi gjöld af tekjum sínum og tryggja um leið dýrmæt réttindi sín á vinnumarkaðnum.

Um leið og við biðjumst afsökunar á ónæðinu þökkum við fyrir móttökurnar og vonumst til þess að hugsanlegum ábendingum okkar um það sem betur mætti fara verði vel tekið.

Alþýðusamband Íslands
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Félagsmenn VM eru tíðir gestir á golfvellinum:

VM gaf Golfklúbbnum Dalbúa heilan skóg til gróðursetningar

Í júní gaf VM Golfklúbbnum Dalbúa þrjú hundruð trjáplöntur. Um er að ræða gróskumiklar greni-, furu- og lerkiplöntur, sem gera mögulegt að breyta golfvellinum með áhrifamiklum hætti og bæta umhverfi vallarins. Trén eru til hagsbóta fyrir félagsmenn VM en þeir eru tíðir gestir á vellinum þegar þeir gista í húsum félagsins á svæðinu.

Forsaga málsins er sú að Dr. Erlendur Haraldsson, heiðursprófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, hefur um langt árabil staðið í mikilli skógrækt við sumarbústað sinni í Snorrastaðahlíð. Erlendur er víðkunnur fyrir fræðistörf sín á sviði sálfræði, auk þess að vera fróðastur Íslendinga um málefni og sögu Kúrda og Kúrdistan; eftir hann liggja fjölmargar bækur og greinar um þau málefni.

Erlendur hefur ákveðið að draga úr starfi sínu í skógræktinni sökum aldurs. Því vildi hann bjóða Golfklúbbnum Dalbúa trjáplöntur til gróðursetningar á velli félagsins í Miðdal gegn vægu gjaldi, m.a. til minningar um afa sinn sem hvílir í kirkjugarðinum í Miðdal. Afi hans og nafni, Erlendur Þorleifsson, bjó ásamt eiginkonu sinni Margréti Magnúsdóttir á Ketilvöllum á árunum 1888-1909.

Í tilefni þessa þarf á næstunni að sækja trén í núverandi gróðurreit, og koma þeim fyrir á svæði Dalbúa, þar til ákveðið hefur verið hvar þær skuli endanlega staðsettar á vellinum.

Plönturnar eru að meðaltali eins til tveggja metra háar, og allar í pottum, og því tilbúnar til gróðursetningar. Það verður sameiginlegt verkefni félagsins á næstunni að huga að mögulegum staðsetningum fyrir trén, þannig að þau megi sem best þjóna þeim tilgangi að gera völlinn enn skemmtilegri fyrir félagsmenn og aðra kylfinga.

Sumarferð eldri félagsmanna

Hin árlega sumarferð eldri félagsmanna VM, og maka þeirra, var farin fimmtudaginn 23. júní s.l. Lagt var af stað frá VM húsinu í blíðskaparveðri kl. 9:00 að morgni og ferðinni heitið um Snæfellsnes og Dali.

Fyrst var stutt stopp í Borgarnesi og þaðan var haldið að Bjarnarhöfn. Þar var skoðuð gömul bændakirkja og framleiðsla hákarls, og fengu menn að bragða á honum. Frá Bjarnarhöfn var ekið í Stykkishólm þar sem boðið var upp á hádegisverð á Hótel Stykkishólmi. Eftir matinn stóð þeim, sem vildu, til boða að skoða kirkjuna á staðnum en hún þykir nokkuð sérstök. Þegar því var lokið var ferðinni haldið áfram og keyrt svokallaða vatnaleið að Eiríksstöðum í Haukadal og safnið þar skoðað. Frá Eiríksstöðum var ekið að Erpsstöðum, þar sem hægt var að skoða framleiðslu á ostum, skyri og ís, og kaupa ef menn vildu. Síðan lá leiðin aftur til Reykjavíkur og komið var að VM húsinu um kl. 20:30.

Ferðin tókst í alla staði mjög vel og var almenn ánægja með hana.

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum

VSV

Smíðum allar mögulegar lausnir af burstum í flestar gerðir véla

Burstagerð í 80 ár

Burstagerðin ehf • Vesturhraun 3 • 210 Garðabær • Sími: 480 0000

BURSTAGERÐIN ÍSLENZKUR IÐNAÐUR

VM krossgátan

					Frístund krossgátu-blað (c)	DORMA	EIGN	STAF		SKOR-DÝR	GRUNA	TÁKN ÞYNGD-AR	SNÆDDU	GÁÐA
					KALLA				GISTI-HÚS / MÆLA	1				
					MEÐ-LIMIR							ÞURRK-UÐ BLÖÐ / HEY		
					MILLIÁTT SK.ST.			KLAUF-SKA / HNETU						
					FEGNA			2			KONA / Á ENDA-NUM			
		ENDIR	BEYGJA	TÖLU-SK.ST.	ÁTTAR-TÁKN		TÍMABIL / DÆLD						LÝSIR UNDRUN / VÍÐVÆR-ASTAN	
SORG					BERA / EKKI MEÐ				TÆMT / KER					
RÓMV. TALA		3	SUKK / TÁKN			ANNÁLL / ÆPA						SK.ST. LEIK-FÉLAGS / ÖRVITA		
ÆTLA				HÆKKA / FÉLAGAR						FRÍÐ / MAR				GEYMI
DAUNN							KVIKS / HRYGGJA				MERKI / ÞOKU			
LÝSIR ANDÚÐ		Í SPILUM / FUGL						SÉÐNI / HREINS-AÐA						
ÁHALD				LISTA-MAÐUR / STAÐA						4		HAND-BOR / FÁLK-ANN		
FYRIR-FARA						TANN-HJÓL / SÖNGRIT				RÆKI-LEGT / EFST				
	BASSA-LYKILL / FJÖLDA		NÆR / ÍS-LAUSAN						GRIPI / HÚSLÖÐ					
BAND					ATHUGA-LEYSI / ÆÐIBUNU-GANG									BEISK-ARA
ÓP		NÝTT / KYNSTUR					RYKS / BRAUÐIÐ				VIÐ-BRÖGÐ / SEYTLAR			
HOLL				UMFRAM / GERAST	5			FRÁ SJÓ / NÖLDRI					SEGIR ÆÐURIN / FISKUR-INN	
	LOKUN / FYRIR AFTAN									DRUNA / LÍKA				
ÓSKA					FRAM-ANDI / Í LOFTI							SK.ST. HAF-AUSTURS / GETA		
STEFNA			TEKIÐ SAMAN / TVÍVARA-MÆLT HLJÓÐ						FLJÓTIN / SÁ FIMMTI		6			
NÁÐHÚS						GNAUÐA					AULA			

Sendu lausnarorðið á skrifstofu VM eða á vm@vm.is ásamt nafni og heimilisfangi.
Dregið verður úr innsendum lausnum 24. október. Í verðlaun er vetrarhelgarleiga í einu af orlofshúsum VM.

Ávinningur í röðum

Orkulykillinn færir þér svo miklu meira en bara afslátt af ódýrasta* eldsneytinu.

Hafðu orkulykilinn á kippunni og tryggðu þér líka:

- 2 kr. afslátt hjá Orkunni
- 4 kr. afslátt hjá Shell
- 5 kr. afslátt á Ofurdögum
- 10 kr. afslátt í fyrstu 2 skiptin
- 10 kr. afslátt á afmælisdaginn
- Afslátt af bílavörum
- Afslátt af smurþjónustu
- Afslátt af bílaþvotti
- Greiðslumöguleika á Stöðinni
- Orkuvernd (verðstefna Orkunnar)
- Reglulega endurgreiðsluleiki
- Sérmerkingar lykla

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

*Samkvæmt www.bensinverd.is

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

1673 fagmenn

sóttu sér símenntun hjá IÐUNNI á síðustu önn

NÝ OG FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Í BOÐI



- *NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF*
- *NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR*
- *TÖLVUNÁMSKEIÐ*
- *TÖLVUSTUDD HÖNNUN*
- *HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ*
- *BÍLGREINASVIÐ*
- *BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ*
- *MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ*
- *MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ*
- *PRENTTÆKNISVIÐ*

Yfir 150 námskeið á hverri önn.
Kynntu þér framboðið á idan.is

IÐAN fræðslusetur ehf. varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006. Um áramótin 2006/2007 bættist síðan Fræðslumiðstöð bílgreina í hópinn. Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bókagerðarmanna, FIT, VM, Bílgreinasambandið og Samtök ferðaþjónustunnar. Hlutverk IÐUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bíl-, bygginga- og málmiðngreinum, prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum.

IÐAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - www.idan.is